

Sp.

4. Tillaga til þingsályktunar

[4. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt fjórum sinnum á síðasta kjörtímabili og er nú endurflutt. Hún er efnislega samhljóða tillögu sem flutt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförunum árum. Á sl. fundi var hún flutt af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú, en hefur gjarnan verið kennd við Mexíkó og Svíþjóð. Tillagan fjallar fyrst og fremst um bann við frekari tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Augu æ fleiri stjórnámálanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hydýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækníþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ.e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að draga úr vígbúnaði og tryggja lausn þessa ógnarlega vanda. Á sl. hausti varð Reykjavík vettvangur fyrir mikilvægan fund leiðtoga stórveldanna. Sá fundur markaði ákveðin spor í átt til afvopnunar. Síðan hefur þróun í afvopnunarmálum verið jákvæð og vakið vonir manna víðs vegar um heiminn, vonir um heim án kjarnavopna. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki séð ástæðu til þess að styðja þessa tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en jafnan setið hjá við atkvæðagreiðslu. Slíkt er óviðunandi og í ósamræmi við anda þeirrar þingsályktunar um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1985. Í fyrrahaust sáu allar Norðurlandþjóðirnar aðrar en Íslendingar sér fært að styðja áðurnefnda tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari kjarnorkuvopnasöfnun. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þingsályktunartillögu áður en efnislega samhljóða tillaga verður borin upp til atkvæða á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu mundi Alþingi gefa íslenskum stjórnvöldum það verðuga verkefni að beita sér fyrir allsherjarbanni við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.